

María Montessori

María Montessori (1870-1952) var ítölsk að uppruna og læknir að mennt. Starfsferil sinn hóf hún sem aðstoðarlæknir við geðsjúkrahús í Róm. Þar mótaðist fljótt sú afstaða hennar að andlegur veikleiki væri miklu fremur uppeldislegt vandamál en læknisfræðilegt. Þetta átti Montessori eftir að sýna fram á þegar hún starfaði um skeið á stofnun þar sem vistuð voru andlega þroskaheft börn. Hún komst að þeirri niðurstöðu að greind barnanna væri vanmetin. Uppeldislegt umhverfi þeirra fæli ekki í sér nægilega örvun og þau fengju ekki að njóta hæfileika sinna.



Mynd 1:
Maria Monessori

Montessori sneri sér í auknum mæli að uppeldisfræði og kynnti sér m.a. ítarlega verk frönsku læknanna Jean M.G. Itard (1775-1838) og Edouard Séguin (1812-1880) sem helguðu lífsstarf sitt börnum. Itard var sérfræðingur í háls-, nef og eyrnalækningum og sem áhugamaður um uppeldi barna kom hann fram með kennsluáferðir og kennslugögn sem nemandi hans, Séguin, þróaði áfram í starfi sínu með andlega þroskaheftum börnum. Afrakstur starfs síns og hugmyndafræði skilgreinir Séguin í bókinni *Traitement moral, hygiène et éducation des idiots* sem kom út í París 1846. Þar leggur Séguin áherslu á að ekki eigi að líta uppeldi þroskheftra öðrum augum en þeirra sem ekki hafi sérþarfir þroskalega séð. Montessori þýddi bók þessa á ítölsku og nýtti sér í starfi uppeldishugmyndir og efnisvið sem Itard og Séguin höfðu unnið með. Hugmyndir þeirra styðja sýn Montessori um að þjálfun skynfæra leiði til aukinnar færni og betri skilnings. Starf Montessori með þroskaheftu börnunum skilaði athyglisverðum árangri og hún tók að halda fyrirlestra um hugmyndir sínar og reynslu.

Árið 1907 tók Montessori að sér að veita forstöðu uppeldisstofnun sem nefnd var *Casa dei bambini* (Hús barnanna) sem staðsett var í fátækrahverfi í Róm. Fjórum árum síðar var fyrsti Montessori-skólinn stofnaður. Árangur skólustarfs Montessori spurðist út og hún tók að sinna námskeiðshaldi og halda fyrirlestra bæði innan lands og utan. Þegar fyrir fyrri heimstyrjöldina (1914-18) hafði uppeldisfræði hennar breiðst út víða um heim. Montessori bjó á Ítalíu til 1915. Þá hélt hún heimili í Barcelona í um tuttugu ára skeið og þaðan fór hún í fjöldmargar fyrirlestraferðir til ýmissa landa í Evrópu en einnig til Bandaríkjanna. 1936 neyddist Montessori til að flýja frá Spáni vegna spænska borgarastríðsins og settist að í Hollandi. Stuttu fyrir seinni heimstyrjöldina (1939-45)

hélt Montessori til Indlands og var hún meðal annars með námskeið þar sem yfir 1000 kennarar fengu þjálfun. 1946 sneri Montessori aftur til Hollands og hélt áfram virkni sinni til dauðadags árið 1952.

Í hugmyndafræði Montessori er lögð áhersla á að öll börn hafi meðfædda hæfileika sem þroskist áfram njóti þau umhverfis sem er örvandi, veiti þeim félagslegt öryggi, ástúð og frelsi. Montessori leitar í smiðju málsmetandi fræðimanna fyrri tíma sem skrifuðu um uppeldi barna. Þar má nefna Johannes Amos Comenius (1592-1670) sem setti fram hugmynd um samfellu í skólakerfi frá leikskóla til háskóla, Jean-Jacques Rousseau (1712-78) sem vildi frelsi í uppeldinu og tengsl við náttúruna, Johann Heinrich Pestalozzi (1746-1827) sem er fyrirmynd hvað varðar félagslega ábyrgð og Friedrich Fröbel (1782-1852) stendur Montessori nærri með áherslu á uppeldisgildi leiksins og eigin virkni barnanna. Í skrifum sínum vitnar Montessori einnig í sænska konu, Ellen Key (1849-1926), sem vildi sjá breytt skólakerfi þar sem hún taldi að ríkjandi kennsluhættir væru ekki í takt við þróun samfélagsins. Key hlaut alþjóðlega athygli með bók sinni *Barnets Århundrade* sem kom fyrst út í Svíþjóð árið 1900 og var í kjölfarið þýdd yfir á fjölda tungumála. Loks ber að nefna bandaríska uppeldisfræðinginn og heimspekinginn John Dewey (1859-1952) en hann nefnir Montessori margoft í bókum sínum. Sýn Deweys á lýðræðislegt skólastarf þar sem nemandinn fær að sinna hugðarefnum sínum („learning by doing”) féll vel að hugmyndum Montessori um einstaklingsmiðað nám. Dewey lagði áherslu á að skólinn veitti börnum svigrúm til að fást við verkefni sem væru í senn raunveruleg og hagnýt, þau vendust á að leita sjálf svara í stað þess að vera fyrst og fremst móttakendur þeirrar þekkingar sem kennari miðlar þeim.

Uppeldisfræði Montessori felur í sér trú á sjálfsprottna tjáningu barnsins, mikilvægi sjálfsákvarðana þess og þörf fyrir sjálfstæði. Í augum Montessori er barnið ekki óvirkur móttakandi heldur einstaklingur með meðfædda getu og einbeitingarhæfileika. Tveir meginþættir einkenna kennslufræðin. Annars vegar er áhersla á það sem Montessori kallaði „undirbúið umhverfi” þ.e. að kennari hefur yfirsýn yfir námsreynslu barnanna með því að skipuleggja námsframboðið og hafa það sýnilegt. Kennari hefur mótaða hugmynd um hvernig ákveðin skynreynsla styrkir þroskferli barnanna. Hér er Montessori-aðferðin vel skipulögð með skýr markmið. Hins vegar leggur Montessori áherslu á að kennarinn leiðrétti ekki barn sem gerir mistök, trufla það ekki en leiðbeini þegar barnið biður um hjálp. Hér er aðferðin óformleg og hlutverk kennarans að hjálpa barninu að hjálpa sér sjálft. Með þessum hætti undirstrikar Montessori að frelsi og agi eru tvær hliðar á sama peningnum. (Gedin & Sjöblom 1995; Myhre 2001; Singnert í Steinsholt & Lövlie 2004; Postman & Weingartner 1973).

Tónlist í Montessori-uppeldi

Montessori taldi tónlistina mikilvægan þroskaþátt í uppeldi barna. Öll börn ættu erindi við tónlistina og kerfisbundin heyrnarþjálfun væri nauðsynleg til að styrkja tónnæmið. Auk þess að vera hluti af heildarþroska barnsins átti tónlistaruppeldið að færa börnunum tónfræðipækkingu og fræðslu sem varðaði tónmenningu þess menningarsvæðis sem umlykur þau. Með samstarfskonu sinni, Önnu Maríu Maccheroni, mótaði Montessori hugmyndir um þátt tónlistar í námi barnanna þar sem unnið er kerfisbundið með söng, hljóðfæri, hreyfingu og hlustun.

Andstætt öðrum þáttum í Montessori- náminu getur tónlistaruppeldið ekki nema að hluta farið fram í einstaklingsbundnu námi og því er þátttaka kennara meiri hér en ella. Þannig á heyrnarþjálfunin sér stað í hóp og er fyrst unnið með ýmiss konar umhverfishljóð svo sem klukkahljóð og þytinn í trjánum. Í kjölfarið fylgja hefðbundnir tónar, fyrst á sér stað greining með miklum tónhæðarmun og síðan er smám saman unnið út frá skyldari tónum. Sem hljóðgjafa notar Montessori fyrst og fremst bjöllur sem eru með mismunandi tónhæð og styðst þar við hugmyndir þær sem Isard setti fram á sínum tíma. Þegar börnin hafa kynnst eiginleikum bjallnanna í hópvinnu geta þau unnið með þær í einstaklingsvinnu þar sem einnig eru lagðar fram tónkvíslar með mismunandi tónhæð og hljóðhólkar (hristur) úr tré með ólíku innihaldi til að para sama blæ og mismunandi styrk. Auk þess er unnið með ásláttarhljóðfæri svo sem trommur, hljómstafi, kastanjettur. Einnig taldi Montessori að einföld strengjahljóðfæri t.d. litlar hörpur hentudu börnunum vel. Ýmsar hljóðtilraunir sem börnin gera í sambandi við náttúrafræði hafa beina tengingu við heyrnarþjálfunarþáttinn.



Myndir 2 og 3: Unnið með bjöllur

Myndir 4 og 5: Hljóðhólkar og vinna með þá

Hreyfing er ungu barni eðlislæg og fylgir flestum gjörðum þess. Montessori-uppeldisfræðin leggur áherslu á mikilvægi hreyfingarinnar en undirstrikar jafnframt að frelsi barnsins til að fylgja eftir hreyfipörfinni eigi ekki að hafa í för með sér hávaða og óreiðu. Þvert á móti sýni það sig að börn sem fást við viðfangsefni að eigin vali og vinna sjálfstætt að þeim, noti markvissar, agaðar hreyfingar og geti einbeitt sér mun betur en ella.

Hreyfiuppeldið er greinilega undir áhrifum frá Émile Jaques-Dalcroze (sjá bls.59). Tenging við tónlistina á sér stað á þann hátt að eðlileg hreyfimyndur ganga, hlaupa, valhoppa o.s.frv. eru notuð fyrir hreyfingu úr stað. Á gólfi er mörkuð lína eða sporöskjulagaður hringur sem börnin fara eftir. Einnig eru kennd einföld dansspor t.d. vals og polki.

Í bókinni *Montessori & Music* (1974) lýsir höfundurinn, Elise Braun Barnett, hreyfistundum með tónlist. Hún telur best að hafa þessar stundir að morgni dags á meðan börnin vinna að verkefnum sínum. Kennari rýmir til svo gólfpláss sé nægilegt, sest við píanóið og byrjar að spila. Tónlistin samanstendur af þjóðlögum frá ýmsum löndum og þekktum steffjum úr klassískum verkum. Sum barnanna munu gera strax hlé á vinnu sinni og taka þátt, önnur bætast seinna í hópinn og svo eru börn sem halda striki sínu en geta notið tónlistarinnar sem hlustendur. Það er ekki nein kvöð að taka þátt. Þegar börnin eru farin að þekkja laglínurnar söngla þau oft með (Braun Barnett 1974:vii-viii).

UKRAINIAN FOLK TUNE

MODERATO

FROM: 'CARMEN'

ALLEGRO MODERATO BIZET

Nótnadæmi: *Tónlist fyrir hreyfingu. Úr bókinni Montessori & Music eftir E. B. Barnett*

Á sama hátt er unnið með sönginn. Kennarinn sest við hljóðfærið og syngur og börnin taka undir eftir áhuga og aðstæðum hverju sinni. Kennari fylgist með þátttöku barnanna í söngnum og lagavalið mótast ekki hvað síst af undirtektum þeirra.

Eftir því sem börnunum vex fiskur um hrygg bætast ný námsgögn við. Þar má nefna efni sem tengist nótalestri og skrift svo sem nótaborð, hrynjálfunarefni, töflur með nótastrengjum og nótnahefti.



Myndir 6 og 7: Námsgögn fyrir nótalestur og skrift

Heyrnarþjálfunin sem Montessori setur inn með hljóðgjafana (bjöllur, hljóðhólkar o.s.frv.) þar sem börnin kynnast eðli og eiginleikum hljóðsins á skapandi hátt í leiknum og geta tileinkað sér viðkomandi færni að eigin frumkvæði er afar jákvæður þáttur í tónlistaruppeldinu. Hins vegar hefur verið deilt á að áherslan á nótalestur og skrift sé hlutfallslega of mikil og þessir þættir séu lagðir inn óþarflega snemma.

Montessori - bjöllur



Mynd 8: *Hvað heyrir?*

Bjöllurnar samanstanda af tveimur settum, hvort um sig með 13 bjöllum. Annað settið er með bjöllur þar sem bæði er hægt að vinna út frá sjón og heyrn því þær eru misstórar, minnka eftir því sem tónhæðin er meiri. Undir bjöllum eru stöplar sem eru hvítir eða svartir og eru litirnir sambærilegir við hljómborð þ.e. átta bjöllur með hvítum stöpli og fimm með svörtum. Þessar bjöllur kallast

viðmiðunarbjöllum. Hitt settið er með bjöllum sem allar líta eins út og standa á brúnum grunni. Hér hafa bjöllurnar sömu tóna og viðmiðunarbjöllum en útlitið hjálpar ekki til við að greina tónhæðina. Þessi bjölluröð kallast *vinnubjöllum*. Bjöllumum fylgja sleglar til að spila með og einnig slegill til að dempa hljóðið.

Eftirfarandi hljóðleikir eru endursagðir úr bókinni *Music Experiences in Early Childhood* eftir Barbara Andress (1980).¹

1. Barnið er með eina bjöllu sem gefur frá sér ákveðinn tón. Það höndlar bjöllumuna á mismunandi vegu. Það
 - endurtekur í sífellu sama tóninn,
 - heldur bjöllumni nærri sér eða fjarri,
 - hlustar á sveiflurnar í tóninum,
 - hlustar á tóninn deyja út,
 - slær á miðju bjöllumnar eða á brúnina,
 - kannar útlit bjöllumnar.
2. Barnið lærir að halda með annarri hendi undir stöpul bjöllumnar en hinn á hálsinn sem bjallan er fest við. Barnið kannar hljóðið með því að nota ýmist slegil eða dempara og gæti fundið út að bestu tóngæðin koma fram ef slegið er á brúnina með pendúl-hreyfingu.
Barnið getur spilað stutta og langa tóna og stýrt tónlengdinni með því að nota dempara. Einnig er hægt að spila tón og humma eða syngja hann síðan.
3. Þegar unnið er með að para saman sömu hljóð fá nokkur börn bjöllu með hvítum stöpli og jafnmörg fá bjöllu með brúnum stöpli. Sömu tónarnir eru valdir úr báðum bjöllumöðunum og í byrjun eru valdir tveir til þrjú tónar með tónhæð þar

¹ Andress notar sem heimild: Maccheroni, A. (1950) *Developing the Music Senses*. Cincinnati, OH, Greenwood Press, World Library.

sem mikill munur er á milli tónanna. Smám saman er bjöllunum fjölgað þangað til að börnin vinna með alla átta tóna dúr-tónstigans.

Barn sem er með bjöllu með brúnum stöpli finnur bjöllu með sama tóni úr hvítu röðinni. Þeim er stillt saman. Kennari samþykkir pörunina ef greiningin er rétt.

4. Tónminnis-leikur. Hér er einnig byrjað með takmarkaðan fjölda af bjöllum úr báðum bjöllumörðunum og síðan bætt við bjöllum þangað til þær eru orðnar átta talsins úr hvorri röð. Bjöllumunum er dreift í rýminu. Fyrirkomulagið er það sama og í minnisspili. Eitt barn velur brúna bjöllu lætur hana klingja nokkrum sinnum og leitar uppi samsvarandi hvíta bjöllu. Þær eru settar hlið við hlið. Þetta heldur áfram þangað til öll pörin eru fundin.

Eftir að hafa náð færni í að para saman bjöllur eftir tónhæð geta börnin notað bjöllurnar til þess að skapa og flytja eigin laglínur.

Montessori - hljóðhólkur

Um er að ræða tvö sett af hljóðhólkum (hristum). Rauða settið er með sex hljóðhólka, allir með mismunandi innihaldi sem gefur ólíkan tónblæ og styrk. Bláa settið er einnig með sex hljóðhólka sem hafa sama tónblæ og verkin eftir ákveðnu þema t.d. dýrum eða vatni. Einnig getur verið um að ræða tónlistarleg hugtök t.d. rondó. Tónverkin eru síðan flokkuð á ýmsa vegu og safnað upplýsingum um þau sem hafðar eru aðgengilegar kennurum og börnunum. styrk og þeir rauðu. Barnið hlustar og parar saman bláan og rauðan hólka með sama blæ og raðar einnig hljóðhólkunum í hvoru setti eftir tónstyrk frá veikasta hljóðinu yfir í það sterkasta.



Mynd 9: Pör af hljóðhólkum

Að hlusta á tónlist

Montessori lagði mikið upp úr því að börnin kynntust valinni tónlist og í því skyni skyldi halda stutta tónleikar þar sem börnin kynntust mismunandi hljóðfærgerðum, einni í senn. Maccheroni setur fram hugmyndir um að velja um að velja verkin eftir ákveðnu þema t.d. dýrum eða vatni. Einnig getur verið um að ræða tónlistarleg hugtök t.d. rondó. Tónverkin eru síðan flokkuð á ýmsa vegu og safnað upplýsingum um þau sem hafðar eru aðgengilegar kennurum og börnunum.